

Knattspyrnudeild Víkings  
Ársreikningur  
2024

Knattspyrnudeild Víkings  
Traðarlandi 1  
108 Reykjavík

Kt. 420787-1469

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstremisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9
Sunduriðanir .....	11

---

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tilgangur Knattspyrnudeildar Vikings er rekstur meistaraflokkja og 2. til 8. flokks karla og kvenna í knattspyrnu, kaup og sala leikmanna, auglýsinga- og kynningarstarf, minjagripasala og ýmislegt annað er tengist rekstri félagsins. Markmið félagsins er ad búa til hæfileikaríkt knattspyrnufólk í karla- og kvennaflokk.

## Rekstur ársins 2024

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 415,7 millj. kr. (2023: tap 16,0 millj. kr.). Eigið fé í árslok nam 500,4 millj. kr. (2023: 83,9 millj. kr.) samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárréikningum.

Meistaraflokkur karla og kvenna léku í efstu deild 2024. Meistaraflokkur karla lék þá í Evrópukeppnum og náði þar sögulegum árangri og komst í útsláttarkeppni Sambandsdeilda Evrópu.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2024 og rekstrarrafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024.

Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar Vikings staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, / 2025.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Knattspyrnudeildar Víkings.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Knattspyrnudeilar Víkings („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarrekning, efnahagsrekning, sjóðstreymsfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félagini í samræmi við gildandi síðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.: ---

## Abyrgð endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningum.

Reykjavík, / 2025.

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur ársins 2024

---

	Skýr.	2024	2023
<b>Rekstrartekjur</b>			
Miðasala .....		39.284.729	29.161.216
Auglýsingar og samstarfsaðilar .....		73.342.269	75.138.334
Útsendingarréttur .....		25.440.640	23.031.957
Söluvarningur og veitingar .....		50.583.936	29.845.956
Tekjur af leikmannasölu .....		5.521.913	98.680.700
Aðrar rekstrartekjur .....		1.075.419.069	274.527.126
	<b>2</b>	<b>1.269.592.556</b>	<b>530.385.289</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Vörunotkun .....		34.043.570	14.965.890
Laun og launatengd gjöld .....	6	418.659.288	264.812.542
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		13.970.407	9.931.361
Annar rekstrarkostnaður .....		381.997.674	255.466.326
Afskriftir .....	7,8	4.108.636	2.947.270
		<b>852.779.575</b>	<b>548.123.389</b>
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsliði .....		416.812.981	( 17.738.100 )
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		7.853.549	1.863.761
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 3.474.945 )	( 107.239 )
Gengismunur .....		( 5.538.145 )	16.908
		<b>( 1.159.541 )</b>	<b>1.773.430</b>
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>	<b>9</b>	<b>415.653.440</b>	<b>( 15.964.670 )</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

---

	<b>Skyr.</b>	<b>2024</b>	<b>2023</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Verðgildi leikmanna .....	3,7	23.100.000	16.000.000
Rekstrarfjármunir .....	4,8	11.261.200	11.980.000
Fastafjármunir samtals		<u>34.361.200</u>	<u>27.980.000</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....		0	298.139
Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur .....		148.276.261	45.869.861
Kröfur á tengda aðila.....		97.040	0
Verðbréfaeign.....		332.668.161	0
Handbært fé .....	5	46.833.598	38.674.381
Veltufjármunir samtals		<u>527.875.060</u>	<u>84.842.381</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>562.236.260</u>	<u>112.822.381</u>
<b>Eigið fé</b>			
Endurmatsreikningur.....		11.500.000	10.700.000
Óráðstafað eigið fé .....		488.873.742	73.220.302
Eigið fé samtals	9	<u>500.373.742</u>	<u>83.920.302</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskipta- og aðrar skammtímaskuldir .....		52.158.146	21.078.965
Skuldir við tengda aðila .....		5.053.972	4.106.214
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		4.650.400	3.716.900
Skammtímaskuldir samtals		<u>61.862.518</u>	<u>28.902.079</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>562.236.260</u>	<u>112.822.381</u>

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

---

	Skýr.	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður (tap) ársins .....	9	415.653.440	( 15.964.670 )
Rekstrarlöir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður leikmanna .....		( 427.398 )	( 75.165.700 )
Afskriftir .....	7,8	4.108.636	2.947.270
		Veltufé til rekstrar	419.334.678 ( 88.183.100 )
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, lækkun (hækkun) .....		298.139	( 10.042 )
Skammtímakröfur, hækkun .....		( 102.406.400 )	( 26.767.309 )
Skammtímaskuldir, hækkun .....		32.012.681	8.994.787
Stöður við tengda aðila, breyting .....		850.718	4.106.214
		Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	( 69.244.862 ) ( 13.676.350 )
		Handbært fé til rekstrar	350.089.816 ( 101.859.450 )
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð leikmanna .....		( 9.989.836 )	( 8.347.270 )
Söluverð leikmanna .....		727.398	76.565.700
Verðbréfaeign, breyting .....		( 332.668.161 )	0
		Fjárfestingarhreyfingar	( 341.930.599 ) 68.218.430
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		8.159.217	( 33.641.020 )
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		38.674.381	72.315.401
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		46.833.598	38.674.381

# Skýringar

---

## **Reikningsskilaðferðir**

### **1. Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Víkings er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

### **2. Innlausn tekna**

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við reglugerðir og leyfiskerfi KSÍ og UEFA. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra og tengdan kostnað.

### **3. Óefnislegar eignir**

Félagið eignfærir leikmannasamninga sína í samræmi við reglur og staðla KSÍ. Yfirverð leikmannasamninga er afskrifað árlega á samningstíma og er sú afskrift færð í rekstrarreikning. Endurmat samninganna er fært á endurmatsreikning meðal eigin fjár, sbr. skýringu 10.

### **4. Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshlut miða við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### **5. Handbært fé**

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### **6. Laun og launatengd gjöld**

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	<b>2024</b>	<b>2023</b>
Laun .....	85.607.438	58.254.276
Lífeyrissjóður .....	10.503.570	6.994.547
Önnur launatengd gjöld .....	17.347.331	9.293.046
Verktakagreiðslur .....	305.200.949	190.270.673
Samtals laun og launatengd gjöld .....	<u>418.659.288</u>	<u>264.812.542</u>
 Fjöldi starfsmanna að meðaltali .....	12	8

# Skýringar frh:

## 7. Óefnislegar eignir

Leikmannasamningar greinast þannig:

Meistaraflokkur karla:

	2024	2023
Bókfært verð 1.1.	11.730.000	6.000.000
Eignfærðir leikmenn á árinu	9.989.836	7.897.270
Seldir og aflagðir leikmenn	0	( 1.400.000)
Afskrifað á árinu	( 3.319.836)	( 2.867.270)
Matsbreytingar	( 100.000)	2.100.000
Bókfært verð 31.12.	<u>18.300.000</u>	<u>11.730.000</u>

Meistaraflokkur kvenna:

	2024	2023
Bókfært verð 1.1.	4.270.000	1.900.000
Eignfærðir leikmenn á árinu	0	350.000
Seldir og aflagðir leikmenn	( 300.000)	0
Afskrifað á árinu	( 70.000)	( 80.000)
Matsbreytingar	900.000	2.100.000
Bókfært verð 31.12.	<u>4.800.000</u>	<u>4.270.000</u>

Bókfært verð alls 31.12. .... 23.100.000 16.000.000

Greiðslur til umboðsmanna námu 2,5 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 12,3 millj.).

## 8. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Bókfært verð 1.1.2023	.....	11.980.000
Bókfært verð 31.12.2023	<u>.....</u>	<u>11.980.000</u>
 Bókfært verð 1.1.2024	 .....	 11.980.000
Afskrifað á árinu	.....	( 718.800)
Bókfært verð 31.12.2024	<u>.....</u>	<u>11.261.200</u>

## 9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Endurmat	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1. 2024	10.700.000	73.220.302	83.920.302
Endurmat ársins	800.000		800.000
Hagnaður ársins		415.653.440	415.653.440
Eigið fé 31.12.2024	<u>11.500.000</u>	<u>488.873.742</u>	<u>500.373.742</u>

# Sundurliðanir

---

## Rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:

	2024	2023
Evrópukeppni .....	836.927.711	62.275.168
Verðlaunafé .....	500.000	4.300.000
þróunarstyrkur UEFA .....	13.565.845	14.028.248
Tekjur af mótum yngri flokka .....	18.285.984	17.737.828
Æfinga- og félagsgjöld .....	106.532.672	82.714.423
Fjáraflanir .....	66.677.190	63.097.850
Getraunir .....	7.054.498	7.972.041
Auglýsingar .....	3.200.000	3.000.000
Herra-, konukvöld og aðrar skemmanir .....	20.149.658	8.628.050
Aðrar tekjur .....	2.525.511	10.773.518
	<u>1.075.419.069</u>	<u>274.527.126</u>

## Rekstrarkostnaður

Annar rekstrakostnaður greinist þannig:

Viðburðakostnaður .....	30.222.998	18.848.836
Ferðakostnaður .....	147.577.480	34.715.171
Dómgæsla .....	2.228.000	1.689.100
Félagaskiptagjöld .....	6.060.286	492.805
Mótakostnaður .....	504.124	1.704.359
Umboðslaun .....	2.450.751	12.276.805
Leigukostnaður .....	37.016.639	24.365.282
Vallarleiga vegna Evrópukeppni .....	12.705.000	0
Kostnaður við fjáraflanir .....	58.093.662	54.490.830
Leikmanna og þjálfarakostnaður .....	32.563.793	34.657.815
Bifreiðakostnaður .....	3.310.434	4.434.878
Skemmtanakostnaður .....	16.673.302	18.615.258
Annar kostnaður .....	32.591.205	49.175.187
	<u>381.997.674</u>	<u>255.466.326</u>